

**Svartagil, Norðurárdal. Efnasamsetning
vatns (mg/l)**

Guðrún Sverrisdóttir

Greinargerð GSv-92-06

Svartagil, Norðurárdal
Efnasamsetning vatns (mg/l)

Þann 21. júlí sl. tóku starfsmenn Orkustofnunar sýni úr holu 3 við Svartagil í Norðurárdal. Sýnið hefur nú verið efnagreint og eru niðurstöður í töflunni hér að neðan. Reiknað djúphitastig samkvæmt kalsedónhitamæli er allt að 100 °C. Vatnið er kalkmettað en ekki ætti að vera hættá á útfellingum við óbreyttar aðstæður. Vatnið er súrefnissnautt við holutopp, en gæta þarf vel að því að súrefni komist ekki í það í dreifikerfi, t.d. í vatnsgeymum. Brennisteinsvetni í jarðhitavatni gengur í samband við súrefni og eyðir því. Í þessu vatni er lítið brennisteinsvetni og því þarf að vera vel á verði gagnvart hugsanlegri súrefnisupptöku, sem myndi gera vatnið tærandi. Annars er þetta vatn ágætt til nýtingar, en ráðlegt að hafa reglulegt eftirlit með efnasamsetningu, þar sem breytingar á henni eru oft undanfari kælingar og innstreymis af köldu vatni. Einnig þarf að mæla súrefni í dreifikerfi öðru hvoru.

Staður Dagsetning Númer	Svartagil 92-07-21 92-0160
Hiti (°C)	70,7
Sýrustig (pH/°C)	9,1/21
Kísill (SiO ₂)	96,5
Natríum (Na)	73,7
Kalíum (K)	1,2
Kalsíum (Ca)	2,9
Magnesíum (Mg)	0,013
Karbónat (CO ₂)	70,8
Súlfat (SO ₄)	30,8
Brennist.vetni (H ₂ S)	0,05
Klóríð (Cl)	25,9
Flúoríð (F)	0,88
Uppl. efni	289
Súrefni (O ₂)	0
Brómíð (Br)	0,074